

Fimmtudaginn 8. mars 1984.

Nr. 15/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Baldvin Guðmundi Ragnarssyni

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 10. júní 1983. Er málinu einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds refsingu til þyngingar, og krefst ríkissaksóknari að öðru leyti staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Fallið er frá tilvitnun í ákæruskjali til áfengislaga nr. 82/1969.

Verjandi krefst þess aðallega, að ákærði verði sýknaður af kröfu ákærvalds og sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði, þ. á m. málsvarnarlaun. Til vara er þess krafist, að refsing verði lækkuð, kröfu um sviptingu ökuréttinda ævilangt verði vísað frá héraðsdómi og sakarkostnaði skipt milli ákærða og ríkissjóðs.

Ágrip máls barst Hæstarétti 10. janúar 1984.

Ákærði var með dómi sakadóms Reykjavíkur 5. febrúar 1975 sviptur heimild til að öðlast ökuréttindi ævilangt frá birtingu dómsins að telja, og með dómi sama dómstóls 23. apríl 1975 var hann sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins að telja. Samkvæmt bréfi dómismálaráðuneytis 1. mars 1984, sem fram hefur verið lagt í málinu, var refsingu, dæmdri með fyrri dóminum, fullnægt 1. júní 1977, og lokið var fullnustu refsingar samkvæmt síðari dóminum 28. apríl 1978. Með vísan til þessa hafa dómarnir ítrekunaráhrif, sbr. 71. gr., 3. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með bréfi dómismálaráðuneytis 18. ágúst 1981 var ákærða veitt heimild til að fá ökuskírteini þrátt fyrir dómana, er hann sætti á árinu 1975, en það hafði eigi verið gefið út. Hann hafði því ekki íslensk ökuréttindi, er hann ók bifreiðinni HLN 970 18. júlí 1981, en það er ákæruefnið í máli þessu. Hann kveðst hafa ekið bifreið-

inni í umrætt sinn í skjóli sænsks ökuleyfis. Ekki liggja frammi fullnægjandi gögn í málinu um, að hann hafi fengið slíkt ökuleyfi.

Samkvæmt framanrituðu og með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakarmat hans og færslu til refsíákvæða. Ákærði ók bifreið ofurölvi og raskaði með því almennu umferðaröryggi og olli spjöllum á farartækjum og öðrum verðmætum. Brot hans er ítrekað. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 45 daga varðhald. Ákærði hefur eigi öðlast ökuleyfi samkvæmt því, sem skýrt var frá hér fyrir dómi. Svo sem greinir í héraðsdómi, er unnt, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, þrátt fyrir orðalag ákæruskjals að svipta ákærða heimild til að öðlast ökuleyfi, og er hafnað kröfu verjanda um frávísun þessa þáttar í kröfugerð ákæruvalds. Ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sviptingu á rétti ákærða til að öðlast ökuleyfi, einnig um upphafstíma, eins og hér stendur sérstaklega á. Þá eiga ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað að vera öröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 7.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Baldvin Guðmundur Ragnarsson, sæti 45 daga varðhaldi.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttar ákærða til að öðlast ökuleyfi svo og um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera öröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Baldurs Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 7.500.00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 26. mars 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 10. mars sl., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 8. september 1981, „á hendur Baldvin Guðmundi Ragnarssyni, Sólheimum, Vogum á Vatnsleysuströnd, fæddum 30. desember 1953 í Reykjavík, fyrir að hafa, aðfararnótt laugardagsins 18. júlí 1981, ekið bifreiðinni HLN-970, sem skráð er í Svi-

þjóð, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, frá Prestbakka 11 í Reykjavík, á bifreiðina Y-4034, sem stóð mannláus þar við hús-
ið, viðstöðulaust, sem leið liggur, til Kópavogs, mjög hratt og ógætilega,
á bifreiðina R-16029, sem stóð mannláus á Kársnesbraut, og áfram, án þess
að nema staðar, mjög hratt og ógætilega um götur í bænum, þar til ákærði
missti stjórn á bifreiðinni og hún valt á Kópavogsbraut.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 1.
mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 41. gr., 1., 2. og 3. mgr. a-lið 49. gr., sbr.
80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og 1. mgr. 24.
gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. lög nr. 52, 1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar öku-
réttinda ævilangt samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfeng-
islaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málsatvik eru þessi:

Laugardaginn 18. júlí 1981, kl. 03:46, var lögreglunni í Reykjavík til-
kynnt um að bifreiðinni HLN 970 hefði verið ekið utan í bifreiðina Y 4034,
Saab 99, þar sem hún stóð mannláus við hús nr. 11 við Prestbakka.

Lögreglumenn fóru á vettvang og fengu þar upplýsingar um ökumann-
inn, sem reyndist vera ákærði í máli þessu. Um kl. 03:55 var lögreglunni
í Kópavogi tilkynnt um, að framangreindri bifreið hefði verið ekið utan
í leigubifreiðina R-16029, þar sem hún stóð kyrrstæð við hús nr. 90 við
Kársnesbraut, á meðan ökumaður hennar var að skila af sér farþega.

Lögreglumenn fóru á vettvang og mættu bifreið ákærða á Skjólbraut.
Þeir reyndu að stöðva hana, en án árangurs. Ákærði ók síðan vestur Kópa-
vogsbraut á ofsa hraða, er endaði með veltu á vinstri hlið við hús nr. 99
við Kópavogsbraut.

Í bifreiðinni voru ákærði og einn farþegi, Ásgeir Ásgeirsson, Sunnubraut
44 Kópavogi.

Ökumaður framangreindrar bifreiðar skýrði svo frá hjá lögreglu, að
bifreið hans hafi verið kyrrstæð við vegarbrún þar sem hann hafi verið
að gera upp við farþega, er bifreið ákærða bar að með miklum hávaða
og á mikilli ferð. Honum virtist ákærði sveigja frá bifreið sinni, en án
árangurs, þannig að hann ók á hana. Leigubifreiðarstjórinn veitti bifreið
ákærða eftirför út Kársnesbraut, þar sem hann missti sjónar á henni. Hann
ók þá áfram austur Kópavogsbraut, og er hann nálgadist Urðarbraut, sá
hann ákærða aka suður þá götu á talsvert mikilli ferð austur Kópavogs-
braut og síðan upp Skjólbraut.

Vitnið Snorri Þór Tómasson leigubifreiðarstjóri kvaðst hafa ekið niður
á Skjólbraut eftir ábendingu annars ökumanns og hafi fjórar eða fimm
leigubifreiðar verið þar fyrir og reynt að stöðva bifreið ákærða. Er ákærði

reyndi að aka framhjá bifreið vitnisins, lenti bifreið hans á hlöðnum vegg. Þar sem ákærða tókst að losa bifreið sína, kvaðst vitnið hafa reynt að stöðva akstur hans með því að láta bifreið síns síga að bifreið hans og halda við, en hætt því strax, þar sem ákærði lét ekki segjast. Vitnið kvaðst hafa gætt þess að valda ekki skemmdum og hafi bifreið þess ekkert skemmt, en hins vegar hafi ekki verið hægt að dæma um skemmdir að því er varðaði bifreið ákærða, þar sem hún hafi oltið.

Samkvæmt framburði vitna og ákærða sjálfs ók ákærði bifreið sinni, HLN 970, Volvo árg. 1975, frá Kópavogsbraut 11 og að Prestbakka 11, þar sem kunningjar hans héldu samkvæmi. Með honum var unnusta hans. Fljótlega eftir að þangað var komið, hóf ákærði neyslu áfengis, sem hann kvaðst hafa keypt af leigubifreiðarstjóra, drukkið úr u.þ.b. einni flösku af íslensku brennivíni og orðið ofurölvi, enda illa fyrirfallaður. Um nóttina varð ákærði æstur, er endaði með því, að hann missti áfengisflösku í gólfíð, svo að hún brotnaði.

Upp úr þessu hófust stimpingar, en húsráðandi reyndi að koma ákærða út, en hann hafi neitað og barið húsráðanda í andlitið, þó ekki svo fast, að það sæi á honum. Ákærði kvað húsráðanda hafa orðið viðskotailan, er hann bað um tusku til að þrifa eftir sig. Þá taldi hann, að handalögmálin hafi skapast af því að unnusta hans hafi viljað verða eftir. Eftir þetta kvaðst ákærði hafa misst minnið og ekkert muna eftir ökuferð sinni, en mótmælir henni ekki, þar sem vitnaframburðir bentu til þess, að hann hafi ekið og hann einn hafi haft umráð bifreiðarinnar.

Samkvæmt framburði vitnis, er var farbegi hjá ákærða, fékk það far með honum til Kópavogs. Er ákærði bakkaði bifreið sinni út úr stæði fyrir utan Prestbakka 11, rakst vinstra framhorn bifreiðar hans utan í hægra afturhorn Saab-bifreiðar, er var í stæði við hlið bifreiðar ákærða. Vitnið ætlaði þá út, en ákærði ók af stað á miklum hraða, sem leið lá til Kópavogs. Var hraðinn yfir 100 km miðað við klst., eða eins mikill og hægt var að aka bifreiðinni. Ákærði virtist hafa nokkuð góða stjórn á bifreiðinni nema á Kársnesbraut. Þar sveigði hann of seint frá kyrrstæðri leigubifreið, þannig að hægra framhorn bifreiðar ákærða lenti á vinstra afturhorni leigubifreiðarinnar. Ákærði stöðvaði ekki, heldur hélt áfram og ók að lokum inn á Skjólbraut. Þar reyndu leigubifreiðarstjórar að hindra för hans, og ók einn þeirra bifreið sinni þvert á bifreið ákærða, nokkuð ákveðið, þannig að vitnið fann fyrir höggi. Ákærði komst framhjá, en á Kópavogsbraut missti hann stjórn á bifreiðinni, þannig að hún endastakkst í fyrstu ofan í skurð, hentist síðan yfir steypurör og hafnaði að lokum á hliðinni.

Skemmdir á bifreiðinni R 16029 reyndust þessar: Vinstra afturbretti mjög skemmt; ljósker brotið, og höggvari boginn.

Y 4034: Ákoma á hægra afturbretti.

Um útlit og önnur einkenni ákærða var eftirfarandi getið í skýrslu varðstjóra: Áfengisþefur af andardrætti sterkur; andlit (litarháttur) rjóður; fatnaður velktur-óhrein; framkoma kærulaus-syfjaður; augu rauð-blóðhlaupin; jafnvægi mjög óstöðugt; málfar þvöglulegt-stamandi.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða umrætt sinn, og með gasgreiningu á súlu reyndist vera 2.83‰ magn alkóhóls í blóði hans.

Niðurstaða.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar, framburðum vitna og með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að því leyti sem hann mundi eftir atvikum, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar rétt færð til refsíákvæða. Þykir sú fullyrðing ákærða, að hann hafi haft sænsk ökuréttindi umrætt sinn ekki haggja framgreindri niðurstöðu, enda hefur hann ekki sýnt fram á, að niðurstaða dóms sakadóms Reykjavíkur frá 23. apríl 1975, ævilangri ökuleyfissviptingu, hafi verið breytt, er hann ók hinn 8. júlí 1981. Samkvæmt sakavottorði ákærða var honum ekki veitt ökuleyfi á ný fyrr en mánuði síðar, eða 18. ágúst 1981.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt ákærum og refsingum sem hér segir:

- 1970 í Reykjavík: Uppvís að brotum á 244. gr. hgl. Ákæru frestað skb. í 2 ár frá 14.5. '70.
- 1970 26/11 — Dómur: 8 mán. fangelsi, skb. í 3 ár, fyrir brot á 244. gr. og 259. gr. hgl. og áfl. og umfl. Sviptur rétti til ökuleyfis ævil.
- 1971 30/4 — Dómur: Sakfelldur f. brot á 259. gr. hgl., 25. gr. umfl., en ekki gerð sérstök refsing.
- 1972 10/2 — Dómur: 10 mán. fangelsi fyrir brot á 259. gr. hgl. og umfl. (Dómar 26/11 '70 og 30/4 '71 dæmdir með).
- 1972 28/3 — Dómur: Refsing felld niður (hegn.auki) fyrir brot á 1. mgr. 259. gr. hgl., 25. gr. og 1. mgr. 80. gr. umfl.
- 1971 28/10 — Sátt, 500 kr. sekt f. brot á 21. gr. áfl.
- 1972 13/12 — Dómur: Sakfelldur f. brot á 259. gr. hgl. og 25. og 27. gr. umfl., en refsing ekki dæmd.
- 1973 23/10 — Dómur: 8 mán. fangelsi f. brot á 155. gr., 244. og 259. gr., sbr. 20. gr. hgl.
- 1973 9/10 — Sátt, 500 kr. sekt f. brot á 2. gr. laga nr. 73, 1952.
- 1974 1/2 — Dómur: 1 mán. fangelsi f. brot á 4., 26., 27., 37., 11. og 18. gr. umfl.
- 1974 1/2 — Sátt, 15.000 kr. sekt fyrir brot g. 231. og 257. gr. hgl. Greiði skaðabætur.

- 1975 5/2 — Dómur: 45 daga varðhald fyrir brot á 219. gr. hgl. og 25. gr. umfl. Sviptur ökul. ævilangt frá 5.2. '75.
- 1975 23/4 — Dómur: 4 mán. fangelsi f. brot g. 244. gr. hgl., 259. gr. og 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævil. frá dómsbirt.
- 1976 3/12 — Dómur: 3 mán. fangelsi f. brot g. 155. gr. hgl.
- 1978 — Dómur: 4 mán. fangelsi f. brot g. 244. gr. og 259. gr. hgl. og 24. og 27. gr. umfl.
- 1981 18/8 — Veitt ökuleyfi á ný.

Þykir refsing ákærða eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald í 25 daga.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá 8. júlí 1981 að telja, en þann dag var honum birt ákvörðun lögreglustjóra um bráðabirgðasviptingu ökuréttinda.

Samkvæmt þessu þykir réttara, að krafist hefði verið í ákæruskjali sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi, þar sem ákærði hafði ekki aflað sér réttinda hér á landi þrátt fyrir endurveitingu af hálfu hins háa dómsmálaráðuneytis. Þykir þessi orðalagsmunur þó ekki brjóta svo í gegn 115. grein og 118. grein laga nr. 74/1974, að það haggi framangreindri niðurstöðu.

Með hliðsjón af þessu þykir tilvitnun ríkissaksóknara í ákæruskjali til áfengislaga ekki eiga við.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. grein síðastgreindu laga til þess að greiða allan sakarkostnað.

Sigurberg Guðjónsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Baldvin Guðmundur Ragnarsson, sæti varðhaldi í 25 daga.

Ákærði skal frá 18. júlí 1981 að telja sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.